

Heilbrigðisnefnd
Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarnes.
28. mars 2022.
2. fundur

Mánudaginn 28. mars 2022 var haldinn 2. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarneskaupstaðar (skammstafað HEF). Eftirtaldir aðalmenn tóku sæti á fundinum, Linda Hrönn Þórisdóttir, Jón Haukur Ingvason, Ingibjörg Hauksdóttir, Gnýr Guðmundsson, Sigrún Edda Jónsdóttir og varamaður Örvar Þór Guðmundsson í forföllum Örnú Bjarkar Hagalínsdóttur. Eftirtaldir starfsmenn sátu fundinn, Hörður Þorsteinsson og Árni Davíðsson.

1. Rekstrarmál

1.1. Ársreikningur heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis 2021

Lagður fram ársreikningur fyrir Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis fyrir starfsárið 2021. Framkvæmdastjóri kynnti niðurstöðu ársreiknings. Helstu niðurstöður urðu þær að tekjur vegna tekjur af eftirliti og tekjur vegna starfsleyfa voru hærri en áætlanir. Það er athyglisvert en vegna áhrifa frá Covid var gert ráð fyrir samdrætti í útgáfu á nýjum starfsleyfum og samdrætti í eftirlitgjöldum. Þá var gerð sú breyting gagnvart sveitarfélögunum að gefnir voru út reikningar vegna vöktunar fyrir hvert sveitarfélag og eru því framlög til rekstrar skipt eftir íbúafjölda, nokkuð lægri en áætlanir gera ráð fyrir.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd samþykkir ársreikninginn með undirskrift sinni.

1.2. Ársreikningur heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis 2021

Lagður fram ársreikningur fyrir Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis fyrir starfsárið 2021. Þar sem búið er að leggja niður Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, kemur það í hlut nýs sameinaðs heilbrigðiseftirlits að staðfesta niðurstöðu ársreiknings fyrir árið 2021. Fráfarandi framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis kynnti niðurstöðu ársreikningsins. Reksturinn gekk vel á árinu 2021 og var í samræmi við áætlanir. Launakostnaður er aðeins lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir og skýrist það að hluta til vegna þess að viðbótarstarfsmaður hóf störf síðar en áætlað var.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd samþykkir ársreikninginn með undirskrift sinni.

2. Skipulagsmál

2.1. Breyting á aðalskipulagi, Hafnarsvæði, þétting byggðar

Lagt fram erindi frá Skipulaginu í Hafnarfirði þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðisnefndar á tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, þar sem lögð er fram tillaga að þéttingu byggðar og breytingu á notkun lands við Suðurhöfn, Flensborgarhöfn og Hamarshöfn. Með erindinu fylgir greinargerð aðalskipulagstillögu, umhverfisskýrsla, og skipulagsuppdráttur dags. 7. febrúar 2022.

Svæðið sem áformuð breyting á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar nær til, er í gildandi skipulagi að stærstum hlut með skilgreinda landnotkun sem hafnarsvæði. Við breytinguna verður svæðið

1

ætlað undir þjónustu, atvinnustarfsemi og íbúðir. Með breytingunum mun verða til nýtt íbúðasvæði milli Hvaleyrarbrautar og Óseyrarbrautar, skilgreiningar á Flensborgarhöfn, Hvaleyrarbraut og Fornubúðir breyst í miðsvæði með þjónustu- og atvinnufyrirtækjum á neðri hæðum húsa, en íbúðum fyrir ofan og að auki er gert ráð fyrir stækkun út í sjó og tilkomu nýrrar smábátahafnar út frá Strandgötu. Leið Borgarlínu er ætlað að vera í miðri Strandgötu og biðstöð sem þjóna á hafnarsvæðinu og nágrenni að vera við ný T-gatnamót á mótum Strandgötu og Hvaleyrarbrautar. Svæðið sem um ræðir er nokkuð stórt og ljóst að gert er ráð fyrir að umbreyting og uppbygging svæðisins mun taka nokkurn tíma.

Hávaði frá umferð:

Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á því að samkvæmt hljóðvistarkorti sem gert var 2017 var umferðarhávaði nærri stofnbrautum víða mjög mikill og hefur eftirlitið fengið kvartanir vegna umferðar frá íbúum í nágrenni Strandgötu. Ekki er gert ráð fyrir í nýju skipulagi að gert sé ráð fyrir minni almennri umferð og eins eru verulegir þungaf lutningar vegna hafnarstarfseminnar. Mikilvægt er að dregið sé úr umferðarhraða til að lágmarka hávaða frá umferð en jafnframt verði gripið til aðgerða við hönnun umhverfis þar sem hugað verði að mótvægisáðgerðum til að lágmarka hávaða frá umferðinni. Þá er eðlilegt að það sé skoðað með hliðsjón af hljóðvistarkorti svæðisins, hvort gera eigi kröfur í skipulagi um hljóðvarnir á þeim húshliðum þar sem vafamál er hvort hljóðvist sé í samræmi við reglugerðir.

Hávaði frá höfn og hafnsækinni starfsemi:

Hafnarstarfsemi fylgir óhjákvæmilega töluverður hávaði sem iðulega er erfitt að koma böndum á. Mikil löndun og útflutningur fer um höfnina, bæði fiskur, málmúrgangur, sandflutningar og almennir vöruflutningar. Höfnin er vinsæl ferðamannahöfn með tilheyrandi fólks- og vöruflutningum. Höfnin áformar að innan tíðar geti hún boðið öllum skipum landtengingu en ekki eru öll skip með búnað til að taka straum úr landi og þurfa því að keyra ljósavélar í höfn. Fleiri hávaðauppsprettur er á hafnarsvæðum. Huga verður að hljóðvörnum í hönnun og skipulagskröfum til svæðisins.

Blönduð byggð

Á hluta svæðisins er gert ráð fyrir miklu nábýli atvinnustarfsemi á neðstu hæð húsa með íbúðum á efri hæðum. Mikilvægt er að tryggt sé í skilmálum að við hönnun sé tryggt góð aðgreining atvinnurýma og íbúða og að hugað sé að hljóðvist, loftstokkar séu upp fyrir þakbrún til að fyrirbyggja lyktarmengun t.d. af veitingastarfsemi og hugað sé að fyrirkomulagi á sorpgerðum með tilliti til mismunandi starfsemi.

Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að á hluta svæðisins var rekinn slippur og er það svæði líklega mengað af þungmálum og öðrum efnasamböndum. Í umhverfisskýrslu kemur fram að til standi að fara í rannsóknir á svæðinu og að gerðar verði viðeigandi aðgerðir til hreinsa svæðið áður en uppbygging hefst, ef niðurstöður gefa til kynna mengun. Heilbrigðiseftirlitið fagnar því og mun fylgjast með niðurstöðum úr efnamælingum á svæðinu.

Bókun:

Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að ganga frá greinargerð með þeim athugasemdum sem fram hafa komið og koma á framfæri við skipulagið.

3. Fundargerðir

3.1. Fundargerð hollustuháttarhóps 17.01.2022

Lagt fram til kynningar fundargerð Hollustuháttarhops frá 17. janúar s.l.

3.2. Fundargerð umhverfisgæðahóps 19.01.2022

Lagt fram til kynningar fundargerð Umhverfisgæðahóps frá 19. janúar s.l.

3.3. Fundargerð umhverfisgæðahóps 2.03.2022

Lagt fram til kynningar fundargerð Umhverfisgæðahóps frá 2. mars s.l.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 16. mars 2022.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykka nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

1. Faxatún 24, Garðabær– nuddstofa

Lögð fram umsókn Hjördísar Guðmundsdóttur kt. 021256-5449, f.h. Heilsunuddstofa Hjördísar, dags. 25.02.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir nuddstofu að Faxatúni 24, Garðabæ.

Endurnýjun starfsleyfis. Sent á byggingafulltrúa dags.09.03.2022. Jákvætt svar byggingafulltrúa dags.20.03.2022. Eftirlitsskýrsla dags. 10.03.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 2 ára.

2. Dalshraun 17, Hafnarfjörður – rafvéla verkstæði

Lögð fram umsókn Theodórs Kristjánssonar, f.h. Rafgeymasalan ehf., kt. 580682-0659, dags. 02.03.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs rafvéla verkstæðis að Dalshrauni 17, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2234217. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 14.03.2022.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

3. Arnarhraun 50, Hafnarfjörður – búsetukjarni fatlaðra

Lögð fram umsókn Hrannar Hilmarsdóttur, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 02.03.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs íbúðarkjarna fyrir fatlaða að Arnarhrauni 50, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2509982. Ný starfsemi. Bréf sent á byggingafulltrúa dags 09.03.2022. Jákvætt svar byggingafulltrúa dags. 10.03.2022. Eftirlitsskýrsla dags. 09.03.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta-og matvæla reglugerða er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

4. Einhella 2, Hafnarfjörður – hundapjálfun

Lögð fram umsókn Heiðrúnar Klöru Johansen, f.h. Hundaakademían slf., kt. 5308210560, dags. 03.03.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir námskeiðahald að Einhelli 2, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2330061.

Ný starfsemi. Bréf sent á byggingafulltrúa dags 10.03.2022. Neikvætt svar byggingafulltrúa dags. 11.03.2022. Eftirlitsskýrsla dags. 07.03.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 1 árs á meðan unnið er að uppfyllingu krafna byggingafulltrúa.

5. *Stapahraun 3, Hafnarfjörður – yfirborðsmeðhöndlun málma*

Lögð fram umsókn Erlings Hafþórssonar, f.h. Rafpólering ehf., kt. 420207-0930, dags. 27.01.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs málmsmíðaverkstæðis að Stapahrauni 3, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2079289. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 14.03.2022.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

6. *Öldugata 45, Hafnarfjörður – íbúðir fyrir fatlaða*

Lögð fram umsókn Hrannar Hilmarsdóttur, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 22.02.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs íbúðarkjarna fyrir fatlaða að Öldugötu 45, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2354474. Ný starfsemi. Bréf sent á byggingafulltrúa dags. 10.03.2022. Jákvætt svar byggingafulltrúa dags. 20.03.2022.

Eftirlitsskýrsla dags. 10.03.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeiglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

7. *Boðaping 5-7, Kópavogur – sundlaug*

Lögð fram umsókn Huldu Þórðardóttir f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 25.02.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir sundlaug að Boðapingi 9, Kópavogi. Fasteignanr. F2299397. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 14.03.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttaeiglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

8. *Dalsmári 13, Kópavogur – íþróttahús*

Lögð fram umsókn Jónasar Páls Björnssonar. f.h. Tennisfélagið ehf., kt. 480306-0660, dags. 15.02.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir íþróttahús að Dalsmára 13, Kópavogi. Fasteignanr. F2292334. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 23.02.2022. Bréf sent á byggingafulltrúa dags. 23.02.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeiglugerða er samþykkt starfsleyfi til 4 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

9. *Skemmuvegur 4, Kópavogur – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Júlíusar Þórs Júlíussonar f.h. JJ Vöruhús ehf., kt. 530405-0360 dags. 07.03.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Skemmuvegi 4, Kópavogi. Fasteignanr. F2064865. Endurnýjun. Eftirlitsskýrsla dags. 10.03.2022.

Með vísun til ákvæða matvælaeiglugerða er samþykkt starfsleyfi.

10. *Vallartröð 12a, Kópavogur– niðurrif*

Lögð fram umsókn ABLTAK ehf., f.h. Kópavogsbæjar kt. 700169-7579, dags. 27.01.2022, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs á leikskóla að Vallartröð 12a, Kópavogi. fasteignanr. F2065868.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerðar er samþykkt starfsleyfi frá 16.03.2022-1.05.2022.

Umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu og heilbrigðisfulltrúum er falið að afgreiða í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes.

Kópavogur

1. *Skálaheiði 2, Kópavogi – samkoma, tækifærisleyfi*

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 11.03.2022, þar sem óskað er umsagnar á umsókn nemendafélags Menntaskólans í Kópavogi kt. 470576-2199, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir skóladansleik í þróttahúsi Digraness þann 24. mars 2022 frá kl. 22.00 – 01.00. Gestafjöldi 550 manns. Jákvæð umsögn staðfest.

Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits dags. 23. mars 2022.

Starfsleyfi afgreidd í samræmi við 6. gr. samþykkt nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falinn útgáfa starfsleyfi með vísan til 48. gr. laga nr.7/1998.

1. *Fjóluhlíð 17, Hafnarfjörður – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Sigríðar Eikar Arnardóttur, f.h. Seika ehf., kt. 640821-1160, dags. 08.02.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi til dreifingu matvæla með lögheimili að Fjóluhlíð 17, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2074760. Dreifing frá vöruhóteli. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 22.03.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

2. *Reykjavíkurvegur 50, Hafnarfjörður – grunnskóli*

Lögð fram umsókn Sigríðar Kristjánsdóttur, f.h. NÚ, Framsýn menntun ehf., kt. 630615-0890, dags. 08.03.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi til reksturs grunnskóla að Reykjavíkurvegi 50, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2078617. Breyting á starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 23.03.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

3. *Fossvogsbrún 2a, Kópavogur – heimili fatlaðra*

Lögð fram umsókn Þóru Ágústu Úlfisdóttur, f.h. Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 01.03.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir heimili fatlaðra að Fossvogsbrún 2a, Kópavogi. Fasteignanr. F2503472. Ný starfsemi. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 10.03.2022. Jákvætt svar byggingafulltrúa 24.03.2022. Eftirlitsskýrsla dags. 09.03.2022.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

4. *Núpalind 1, Kópavogur – veitingasala*

Lögð fram umsókn Huy Van Nguyen. f.h. Snowland ehf., kt. 541221-1150, dags. 03.03.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingasölu að Núpalind 1, Kópavogi. Fasteignanr. F2232270. Eigendaskipti. Eftirlitsskýrsla dags. 23.03.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

5. *Víkurharf 1, Kópavogur – dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Arnar Héðinssonar, f.h. Karl K. Karlssonar – Bakkus ehf., kt. 530303-2410, dags. 08.03.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi til dreifingu matvæla að Víkurhvarfi 1, Kópavogi. Fasteignanr. F2301028. Breyting á húsnæði. Eftirlitsskýrsla dags. 22.03.2022. Með vísun til ákvæða matvæla- og **hollustuháttareglugerða** er samþykkt starfsleyfi til 12 ára.

6. *Flugumýri 8, Mosfellsbær – sala og meðhöndlun matvæla*

Lögð fram umsókn Svans Hafsteinssonar, f.h. Grillvagnsins slf. kt. 460110-1810, dags. 15.03.2022 þar sem sótt er um starfsleyfi til sölu og meðhöndlunar matvæla. Starfstöð fyrirtækisins er að Flugumýri 8, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2301028. Endurnýjun starfsleyfis. Eftirlitsskýrsla dags. 3.03.2022.

Með vísun til ákvæða matvæla~~reglugerða~~ er starfsleyfi samþykkt.

Útgáfa tóbaksleyfa í samræmi við 6. gr. samþykka nr.195/2022 um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, en þar er framkvæmdastjóra falið að gefa út tókakssöluleyfi fyrir hönd heilbrigðisnefndar.

1. *Núpalind 1, Kópavogur – matvöruverslun*

Lögð fram umsókn fyrir hönd Snowland ehf., kt. 541221-1150, dags. 03.03.2022 þar sem sótt er um tóbaksleyfis fyrir Snowland ehf/ Snæland Videos að Núpalind 1, Kópavogi. Eftirlitsskýrsla dags. 23.03.2022.

Tóbaksleyfið er samþykkt.



Linda Hrönn Þórisdóttir



Örvar Þór Guðmundsson


Ingibjörg Hauksdóttir



Jón Haukur Ingvason



Gnýr Guðmundsson



Sigrún Edda Jónsdóttir